



Gæðingafimi LH

Gátlisti til mótshaldara

Þegar mót er auglýst þarfa að:

- tilgreina erfiðleikastig
- tilgreina hámarkstíma sýningar í samræmi við stærð reiðsvæðis
- vísa á tengla um reglur í gæðingafimi og gögn til knapa
- tilgreina skráningarfrest, skilafrest æfingalista og hvert á að skila
- yfirfara æfingalistana sem knapar skila inn og athuga hvort rétt sé valið
- athuga hvort einhver er með frjálsa æfingu og senda á yfirdómara til að samþykkja æfinguna

Fyrir mótið þarf að:

- gera exel-dómblað fyrir hvern knapa þar sem er notað "hide row" á æfingarnar sem á ekki að nota (sjá dæmi í gögnunum) eða gera dómblað í googlesheet fyrir hvern knapa (eins og með exelskjalið), ef að tölur eiga að birtast áhorfendum jafnóðum á skjá eða með link (mælum með því) aukaritarinn sér um að setja tölur þar inn
- ákveða hvort úrslit verði riðin (ef knapar eru færri en 20) og tilkynna

Á mótssvæðinu þarf að:

- setja upp dómaborð með tölvum og tryggja nettengingu og gögn, tvær tölvur á dómara ef dæmt er með google sheet.
- gefa knöpum tíma til að venja hesta við dómaborðin

Þulur þarf að:

- bjóða hvern knapa velkominn og tilgreina þegar hann hefur 30 sek. til að hefja sýningu
- láta vita þegar mínúta er eftir af tímanum og þegar tímanum er lokið
- lesa upp aðaleinkunn þegar hún er komin frá dómurum (kemur jafnóðum ef notað er google sheet og aukaritari)
- kynna í hvaða sæti knapinn sem er að klára sýningu er í, hver leiðir og með hvaða einkunn

Fyrir úrslit þarf að:

- draga um nýja rásröð inn í úrslit eða hafa öfuga röð, þ.e.a.s. lægsta einkunn inn í úrslit sýnir fyrst
- taka á móti nýjum æfingalista frá knöpum sem velja að breyta sínum æfingalista og setja upp ný dómböð í exel með tilliti til nýja æfingalistans. Listinn þarf að skila sér til mótshaldara eigi síðar en 15 mínútum fyrir úrslit fyrir úrslitin
- gefa a.m.k. 15 mínútna hlé fyrir úrslit



Ef dómara notast við google sheet

Aukaritari (buttonpusher) fylgist með gangi mála hjá dómara og setur tölur inn í þ.t.g. dómara blað (googledocs/sheet) sem varpað er upp á skjá, eða skjalið er opið öllum sem hafa link og geta fylgst þannig með á síma/tölvu. Ef dómari breytir tölu breytir ritari í skjalinu. Þetta getur verið mjög upplýsandi, fræðandi, áhugavert og skemmtilegt að fylgjast með gangi mála jafnóðum og gerir keppnina meira spennandi.